Ársskýrsla 2018

Raunvísindastofnun Háskólans

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Skipulag Raunvísindastofnunar 5
Endurbætur á húsi Raunvísindastofnunar (Dunhaga 3). 8
Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun, staða árangursmælikvarða 9
Ársreikningur 12

Inngangur

Fáir efast um mikilvægi raunvísinda í nútíð og framtíð, þvert á móti telja flestir að ríkjum sem leggja áherslu á tækni og raunvísindi vegni að jafnaði betur en þeim sem gera það ekki. Dæmin sanna það. Raunvísindastofnun Háskólans er vettvangur grunnrannsókna og framhaldsnáms í raunvísindum. Stofnunin er hluti af Raunvísinda- og Jarðvísindadeildum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Hún starfar í tveimur faglega sjálfstæðum einingum, Eðlisvísindastofnun Háskólans (EH) og Jarðvísindastofnun Háskólans (JH). Á EH eru stundaðar rannsóknir og framhaldsnám í eðlisfræði, efnafræði, lífefnafræði, reiknifræði og stærðfræði. Á JH eru stundaðar rannsóknir og framhaldsnám á breiðu sviði jarðvísinda.
Í þeim tilgangi að afla nýrrar þekkingar í raunvísindum rekur Raunvísindastofnun öndvegissetur og margvíslega aðstöðu til viðamikilla rannsókna, reiknisetur, örtæknikjarna, efnagreiningarsetur, háloftadeild, norrænt eldfjallasetur og stjarnvísindakjarna. Á Raunvísindastofnun starfa sérfræðingar launaðir af fjárveitingu auk verkefnaráðinna sérfræðinga, nýdoktora og doktorsnema. Þá hafa allir kennarar Raunvísindadeildar og Jarðvísindadeildar bókhalds- og rannsóknaaðstöðu á Raunvísindastofnun. Einnig hefur fjöldi nema í meistaranámi rannsóknaaðstöðu hjá kennurum sínum á stofnuninni.

Framlag úr ríkissjóði til rekstrar Raunvísindastofnunar var um þriðjungur heildarveltu hennar. Farsæl sókn stofnunarinnar í innlenda og erlenda rannsóknasjóði er þannig undirstaða þróttmikillar starfsemi hennar. Því eru akademískir starfsmenn máttarstólpar starfseminnar. Þeir stjórna um hundrað innlendum og alþjóðlegum rannsóknaverkefnum sem fjármögnuð eru af sjálfsaflafé úr samkeppnissjóðum. Undirstaða þess að hægt verði að viðhalda háu sértekjuhlutfalli með styrkjum úr samkeppnissjóðum er að Raunvísindastofnun sé vel búin rannsóknatækjum, með tryggan rekstrargrundvöll og öfluga stoðþjónustu. Sem lítið dæmi má nefna að starfsmenn Raunvísindastofnunar hlutu um 20% styrkja úr Rannsóknasjóði árið 2018, jafnvel þótt ekki fengjust öndvegisstyrkir það árið.

Unnið var að nýju stjórnskipulagi Raunvísindastofnunar Háskólans ásamt hugmyndum að samþættingu við stoðþjónustu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs árið 2017. Nýtt skipurit stofnunarinnar var lagt fram í framhaldi þess. Í hinu nýja fyrirkomulagi sem tók gildi í ársbyrjun 2018 starfa auk framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar tveir rekstrarstjórar, annar fyrir

Eðlisvísindastofnun, hinn fyrir Jarðvísindastofnun. Rekstrarstjórarnir bera fjárhagslega ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra, sem ber ábyrgð gagnvart stjórn RH og sviðsforseta. Fjallað er um skipurit stofnunarinnar í næsta kafla.

Annað áhersluverkefni sem hófst árið 2018 var viðhald húss Raunvísindastofnunar við Dunhaga 3 og átak í öryggismálum þar. Þessu er nánar lýst í sérkafla.

Hafliði Pétur Gíslason
Formaður stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans

Skipulag Raunvísindastofnunar

Árið 2016 skipaði stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans (RH) sérstaka innviðanefnd sem skyldi skilgreina og ræða möguleika á nýju stjórnskipulagi stofnunarinnar. Nefndina skipuðu formenn stjórna RH, EH og JH auk fyrrverandi deildarforseta Jarðvísindadeildar og Raunvísindadeildar, á síðari stigum bættust fleiri í hópinn. Nefndin hélt fjölmarga fundi, kom með tillögur sem voru kynntar á fundum starfsmanna og stjórna beggja undirstofnana og í stjórn Raunvísindastofnunar. Fyrstu tillögum var hafnað, þær endurskrifaðar og endurræddar. Niðurstaðan kristallaðist undir árslok 2017 í viðfestu skipuriti fyrir stofnunina sem tók gildi í ársbyrjun 2018. Hið nýja stjórnskipulagskipulag og hugmynd að samþættingu stoðþjónustu Verkfræði og náttúruvísindasviðs og Raunvísindastofnunar Háskólans hefur að markmiði að auka skilvirkni og eftirfylgni í rekstri stofnunarinnar, styrkja faglegt sjálfstæði hennar, sérstöðu og sýnileika, ná fram aukinni hagræðingu í stoðþjónustu og stuðla að bættri þjónustu við starfsmenn og rannsóknir þeirra.

Með nýju fyrirkomulagi var búið til starf rekstrarstjóra EH og starfi skrifstofustjóra JH breytt í starf rekstrarstjóra. Rekstrarstjórar munu bera meiri ábyrgð hvað varðar rekstur stofnana RH en skrifstofustjórar höfðu áður. Þeir sitja stjórnarfundi hvorrar undirstofnunar og framkvæma ákvarðanir þeirra í samráði við stjórnarformenn. Þeir starfa náið með stoðþjónustu sviðs, einkum fjármálahópi. Rekstrarstjórar bera fjárhagslega ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra Raunvísindastofnunar, stjórn RH og sviðsforseta. Stuðlað skyldi að meiri samþættingu við stoðþjónustu sviðsins að því leyti að samráðsvettvangur yrði stofnaður til að tryggja samræmt vinnulag og að Raunvísindastofnun njóti sömu stoðþjónustu og aðrar einingar sviðsins.

Eðlisvísindastofnun Háskólans og Jarðvísindastofnun Háskólans eru faglega sjálfstæðar undirstofnanir Raunvísindastofnunar Háskólans. Stjórnir þeirra fjalla um öll innri mál, fjárhagsáætlun og móta stefnu í samræmi við reglur RH og starfsreglur EH og JH. Rekstrarstjórar fylgja eftir ákvörðunum stjórna undirstofnana og er þeim til aðstoðar við rekstur og stefnumótun. Framkvæmdastjóri RH hefur samráð við stjórnarformenn undirstofnana og aðstoðar við framkvæmd stefnu þeirra í faglegum málum.

Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar ber ábyrgð á því að Raunvísindastofnun starfi innan fjárlagaramma. Hann skal veita skrifstofu stofnunarinnar öfluga forystu og stuðla að hagkvæmum rekstri og umbótum innan stofnunar. Starfsmannamál eru á ábyrgð framkvæmdastjóra en framkvæmd þeirra er í höndum mannauðsstjóra Verkfræði- og náttúruvísindasviðs í samráði við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal inna af hendi þau verkefni sem stjórn stofnunar felur honum hverju sinni.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjármálum og fjárhagslegum rekstri Raunvísindastofnunar og framfylgir þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um hana gilda. Framkvæmdastjóri upplýsir stjórnir undirstofnana um fjárhagsstöðu stofnananna með reglubundnum hætti.

Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar ber ábyrgð á gerð langtímaáætlunar fyrir stofnunina og tryggir að hún sé í samræmi við markmið Háskólans hverju sinni. Framkvæmdastjóri skal með aðstoð rekstrarstjóra EH og JH vinna starfs- og rekstraráætlanir undirstofnana í samráði við stjórnir þeirra árlega þar sem gerð er grein fyrir hvernig helstu starfsmarkmiðum og áherslumálum yfirstandandi árs verði náð. Langtímaáætlun, starfs- og rekstraráætlanir skal leggja fyrir stjórn RH til samþykktar.

Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar ritar firma og prókúru fyrir stofnunina.

Rekstrarstjórar Eðlisvísindastofnunar og Jarðvísindastofnunar hafa umsýslu og eftirlit með fjárhagsstöðu sameiginlegra verkefna stofnananna. Þeir gera fjárhagsáætlun í samvinnu við stjórnir stofnananna. Þeir gera framkvæmdarstjóra RH og formönnum stjórna EH og JH reglulega grein fyrir rekstri stofnananna. Þeir sitja fundi stjórna, rita fundargerðir og fylgja ákvörðunum eftir og stýra daglegri starfsemi stofnanna.

Að auki starfa fimm manns í stjórnsýslu stofnunarinnar við bókhald, innkaup, mannauðsmál og stuðning við rannsóknir.



Skipurit Raunvísindastofnunar frá 1. janúar 2018 og samþætting hennar við Verkfræði og náttúruvísindasvið.

Stjórn Raunvísindastofnunar árið 2018 skipuðu Hafliði Pétur Gíslason formaður, Sigurður Jakobsson formaður stjórnar JH til 30. júní, Bryndís Brandsdóttir, formaður stjórnar JH frá 1. júlí, Oddur Ingólfsson formaður stjórnar EH, Sigurður Magnús Garðarsson sviðsforseti VoN og Alda Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Framkvæmdastjóri árið 2018 var Sigurður Guðnason, rekstrarstjóri EH til 15. september var Anna Jóna Baldursdóttir en Íris Davíðsdóttir frá 15. september. Rekstrarstjóri JH var Svandís Helga Halldórsdóttir til 15. September en Anna Jóna Baldursdóttir frá 15. september. Þau sitja stjórnarfundi stofnunarinnar.

Árið 2018 voru starfsmenn Raunvísindastofnunar um 135 auk þess sem 48 prófessorar, dósentar og lektorar við Jarð- og Raunvísindadeildir Háskóla Íslands voru með rannsókna- og bókhaldsaðstöðu á stofnuninni. Þessir 135 starfsmenn skiptast þannig að 20 eru fastráðnir akademískir vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar. Verkefnaráðnir sérfræðingar og nýdoktorar voru 50 og verkefnaráðnir doktorsnemar um 50. Starfsmenn í stoðþjónustu og tæknimenn voru alls 15. Síðast en ekki síst unnu um 100 meistaranemar rannsóknaverkefni sín við stofnunina.

Endurbætur á húsi Raunvísindastofnunar (Dunhaga 3).

Lengi hafði verið ljóst að viðhaldi byggingar stofnunarinnar að Dunhaga 3 var mjög ábótavant. Einnig þyrfti að huga að öryggi starfsmanna í húsinu. Í október 2017 óskaði Raunvísindastofnun Háskólans eftir því að verkfræðistofan Mannvit áætlaði tíma sem það tæki að vinna heildarúttekt á ástandi og öryggismálum í Dunhagahúsinu. Mannvit tefldi fram sérfræðingum á alls fimm sviðum sem skoðuðu málið og skiluðu tímaáætlun sem stofnunin samþykkti í byrjun nóvember og samningur um vinnuna komst á.

Framkvæmdastjóri kynnti skýrslur Mannvits um ástand Dunhaga 3 á stjórnarfundi 18. janúar 2018. Samþykkt var að óskað yrði eftir viðbótarfjárveitingu til að vinna að brýnum lagfæringum á húsinu. Á fjárlögum 2019 var 30 mkr. fjárveiting veitt í þessu skyni með vilyrði um framlengingu næstu tvö ár.

Gerð var kostnaðaráætlun varðandi lagfæringar og endurbætur á húsinu og öryggismálum innanhúss. Einnig var hugað að rafmagnslögn inn í Dunhagahúsið og hvort hún fullnægði þörfum tækjabúnaðar í húsinu. Framkvæmdastjóri RH og Framkvæmda- og tæknisvið HÍ sáu um verklýsingu og fengu verkfræðistofuna Mannvit til að sjá um útboð og eftirlit með verkinu.

Í skýrslu Mannvits var bent á mörg atriði sem snúa að öryggismálum innanhúss sem þarf að bæta úr eins fljótt og hægt er. Einnig hafði öryggisnefnd HÍ skrifað skýrslu um öryggismál í Dunhaga 3. Settur var á fót vinnuhópur um úrbætur.

Á árinu 2018 hóst vinna við endurbætur á húsinu að utan. Ytra byrði hússins sem ekki er klætt var málað, skipt um gler þar sem nauðsynlegt var og glugga. Lagfærðar og múrskemmdir og skipt um handrið. Nam kostnaður við þessar framkvæmdir um 18 milljónum króna. Á árinu 2019 er fyrirhugað að fara í lagfæringar innanhúss sérstaklega með tilliti til öryggismála. Þær lagfæringa gætu teygst inn á árið 2020. Lokaframkvæmdin verður síðan viðgerð og málun á þaki hússins

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun, staða árangursmælikvarða

Stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans setti sér eftirfarandi þrjú markmið hvað varðar kjarnastarfsemi og rekstrarþætti fyrir árið 2018.

1. Efla grunnrannsóknir í raunvísindum og jarðvísindum og stuðla að hagnýtingu þeirra

Mælikvarðar

Helstu mælikvarðar sem nota átti voru fjöldi rannsóknastiga. Niðurstöður vegna ársins 2018 liggja ekki fyrir fyrr en haustmánuðum 2019.

Fjöldi erlendra styrkja á ári var annar mælikvarðinn og viðmiðið sem sett var fyrir árið 2018 voru 16 styrkir. Það viðmið náðist.

Fjöldi framhaldsnema var þriðji og síðasti mælikvarðinn og viðmiðið var 27 ráðningarsamningar. Þeir urðu í reynd 50.

Aðgerðir

Helstu aðgerðir sem fara átti í var uppbygging og rekstur rannsóknainnviða og átti að leggja til 25,0 milljónir í verkefnið. Ráðinn hefur verið starfsmaður í Verkefnastofu sem aðstoða á vísindamenn við umsjón stórra verkefna og einnig hefur verið ráðinn rekstrarstjóri fyrir Eðlisvísindastofnun eins og fram kom hér að ofan.

Önnur aðgerð var að styðja við umsóknir í alþjóðlega rannsóknasjóði t.d. H2020. Setja átti 2,0 milljónir í það verkefni. Ekki hefur komið til neinna greiðslna enn sem komið er, en umsóknir í erlenda sjóði árið 2018 voru engu að síður 15.

2. Styrkja enn frekar sýnileika RH erlendis sérstaklega með það fyrir augum að leiða og taka þátt í erlendum samvinnuverkefnum og sækja um styrki til slíkra verkefna.

Mælikvarðar

Helsti mælikvarði sem nota átti vegna þessa markmiðs var fjöldi umsókna í erlenda sjóði. Viðmið fyrir árið 2018 var 25. Reyndist fjöldi umsókna vera 15. Viðmiðið náðist því ekki á árinu.

Birtingar vísindagreina í ritrýndum tímaritum voru annar mælikvarði. Viðmið fyrir árið 2018 voru 240 greinar. Reyndust þær vera 241 og viðmiðinu var því náð.
Þriðji og síðasti mælikvarðinn var fjöldi heimsókna til RH og fjöldi heimsókna erlendis vegna samstarfs. Erfitt reyndist að þróa þennan mælikvarða þar sem ekki er haldið utan um heimsóknir til stofnunarinnar með skipulögðum hætti. Þær eru fjölmargar á ári hverju. Var þessum mælikvarða því skipt út í stefnuáætlun fyrir árin 2019-2021.

Aðgerðir

Undir þessu markmiði var ein aðgerðin að styrkja starfsemi Verkefnastofu VoN við að aðstoða vísindamenn sem sækja um erlend rannsóknaverkefni (e. Pre-award) og aðstoða vísindamenn við rekstur erlendra rannsóknaverkefna (e. Post-award). Ráðnir voru tveir starfsmenn í þessi verkefni.

3. Miðlun þekkingar til að auka áhuga á vísindum, stuðla að hagnýtingu þeirra og efna til fjölbreytts vísindasamstarfs.

Mælikvarðar

Mælikvarðinn undir þessu markmiði var samstarf við sprotafyrirtæki og viðmið fyrir árið 2018 voru tveir slíkir samningar. Reyndust þeir vera tveir á árinu 2018 og viðmiðinu var því náð.

Aðgerðir

Heimasíða RH verði lifandi andlit RH, EH og JH. Mikil undirbúningsvinna hefur verið unnin varðandi heimasíður stofnunarinnar. Háskólinn er að skipta um vefumhverfi og mun það einnig eiga við um stofnanir hans. Raunvísindastofnun bauðst til þess að hefja leikinn og hófst vinnan á árinu 2018 og er hún enn í gangi.
Önnur aðgerð var að RH og stofnanir hennar verði sýnilegri í fjölmiðlum og annarri umfjöllun. Vísindamenn stofnunarinnar eru vinsælir viðmælendur í fjölmiðlum og er mikið til þeirra leitað.

Rekstrarþættir

Undir rekstrarþáttum setti Raunvísindastofnun sér tvö markmið.
Þau voru:

1. Efla stoðþjónustu við rannsóknir og nánari samvinnu við stoðþjónustu VoN

Mælikvarðar

Ánægja rannsakenda með stoðþjónustu. Stefnt var að því að gera þjónustukönnun snemma árs 2018 og aftur í lok árs 2019. Ekki náðist að gera þjónustukönnunina á árinu 2018 en stefnt er að því að framkvæma hana árið 2019.

Aðgerðir

Gera samning milli RH og VoN um sameiginlega þætti stoðþjónustu með það að markmið að nýta fé sem ætlað er stoðþjónustu sem best. Hafin er vinna við að útbúa þjónustusamning milli RH og VoN og verður henni lokið fljótlega.

2. Innleiða ferla í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar

Mælikvarðar

Fjöldi innleiddra ferla. Viðmiðið var að þessari vinnu yrði lokið árið 2018 en það náðist ekki. Stefnt er að því að verkinu verði lokið á árinu 2019.

Aðgerðir

Ganga frá yfirliti um ferla og áætlun um innleiðingu þeirra sem vantar. Stefnt er að því að verkinu verði lokið á árinu 2019.

Ársreikningur

Samkvæmt meðfylgjandi ársreikningi úr Oracle eru tekjur ársins 2018 umfram gjöld 216,9 mkr. Þessi mikli afgangur af rekstri er svo til allur tilkominn vegna tekjufærslna á sértekjum en áfallin gjöld vegna rannsóknaverkefna reyndust nokkuð minni en gert hafði verið ráð fyrir. Ástæða þess er að nokkur rannsóknaverkefni fóru seinna af stað en reiknað var með en munu verða komin í fullan gang árið 2019.

Framkvæmdastjóri mun óska eftir að hluti þessara umframtekna verði færður á frestaðar tekjur og síðan tekjufærður á árinu 2019. Afkoma rekstrar fjármagnaðs með fjárveitingu virðist vera jákvæður um nálægt 12 mkr. sem er um 2% af fjárveitingu.

Enn er til staðar óvissa vegna meðferðar á afskriftum tækja og búnaðar sem var keyptur og gjaldfærður fyrir gildistöku laga um opinber fjármál. Sérstaklega á þetta við um tæki og búnað sem var fjármagnaður með sértekjum sem er um 95% allra slíkra kaupa á Raunvísindastofnun. Afskriftir þessara tækja og búnaðar eru færðar af fjárfestingarframlagi en við teljum að breyta þurfi því fyrirkomulagi. Samtöl við Fjársýslu ríkisins um þessi mál hafa enn engu skilað og verður ráðuneytinu gerð sérstaklega grein fyrir þessu máli á næstu dögum í sérstöku erindi.

Eins og myndin að neðan sýnir þá eru laun 63% af heildargjöld Raunvísindastofnunar árið 2018. Ef skoðuð er skiptingin fyrir rekstur af fjárveitingu annars vegar og sértekjur hins vegar þá eru laun 67% útgjalda af fjárveitingu en 64% útgjalda af sértekjum.



Yfirlit um afkomu ársins 2018

		Reikningur 2018	Rekstraráætlun 2018
Tekjur			
Sala á vöru og þjónustu	3	**30.131.607**	**0**
Ýmsar rekstrartekjur	4	**1.340.111.302**	**947.000.000**
Tekjur af eignasölu	5	**2.499.007**	**0**
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	6	**455.300.000**	**430.000.000**
Framlag ríkissjóðs til fjárfestinga	7	**93.883.092**	**86.297.206**
Tekjur samtals		**1.921.925.008**	**1.463.297.206**
Gjöld			
Starfsmannakostnaður	8	**1.081.750.645**	**1.001.608.445**
Framlög og tilfærslur	9	**79.339.564**	**74.800.000**
Annar rekstrarkostnaður	10	**450.293.126**	**344.480.005**
Tap af eignasölu	11	**0**	**0**
Afskriftir og niðurfærslur eigna	12	**93.883.092**	**86.297.206**
Gjöld samtals		**1.705.266.427**	**1.507.185.656**
Rekstrarhagnaður (-tap)		**216.658.581**	**-43.888.450**
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	13	**1.061.969**	**0**
Hagnaður (tap) eignahluta	14	**0**	**0**
Fjármagnsgjöld	15	**803.659**	**1.190.000**
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		**258.310**	**-1.190.000**
Rekstrarniðurstaða ársins		**216.916.891**	**-45.078.450**

Yfirlit um afkomu ársins 2018

Skýringar		Reikningur 2018	Rekstraráætlun 2018
3 Sala á vöru og þjónustu			
451	Sérfræðiþjónusta	**28.788.952**	**0**
464	Vörusala ii	**600.222**	**0**
465	Vörusala, umboðs- og endursala	**-3.300**	**0**
473	Leigutekjur	**745.733**	**0**
	Samtals	**30.131.607**	**0**
4 Ýmsar rekstrartekjur			
445	Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	**256.482**	**0**
473	Leigutekjur	**5.654.465**	**0**
475	Kostnaðarhlutdeild	**71.243.841**	**0**
478	Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	**1.261.378.348**	**0**
479	Ýmsar tekjur	**1.578.166**	**947.000.000**
	Samtals	**1.340.111.302**	**947.000.000**
5 Tekjur af eignasölu			
471	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**2.499.007**	**0**
	Samtals	**2.499.007**	**0**
6 Framlag ríkissjóðs til rekstrar			
670	Framlag ríkissjóðs	**455.300.000**	**430.000.000**
	Samtals	**455.300.000**	**430.000.000**
7 Framlag ríkissjóðs til fjárfestinga			
680	Framlag ríkissjóðs	**93.883.092**	**86.297.206**
	Samtals	**93.883.092**	**86.297.206**
8 Starfsmannakostnaður			
511	Dagvinnulaun	**802.167.019**	**739.917.219**
514	Aukagreiðslur	**45.058.210**	**50.567.013**
515	Yfirvinna	**29.940.250**	**22.237.323**
516	Breyting á orlofsskuldbindingu	**8.477.781**	**0**
518	Launatengd gjöld	**194.533.177**	**188.886.890**
519	Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	**1.574.208**	**0**
	Samtals	**1.081.750.645**	**1.001.608.445**
9 Framlög og tilfærslur			
591	Rekstrartilfærslur	**79.339.564**	**74.800.000**
	Samtals	**79.339.564**	**74.800.000**
10 Annar rekstrarkostnaður			
521	Bækur, ritföng, filmur o.þ.h. vörur	**2.286.356**	**21.640.000**
522	Byggingarvörur, almennar	**0**	**33.600.000**
524	Tæki og búnaður til innréttinga	**215.013**	**0**
525	Ýmis tæki og áhöld (ekki eignfærð)	**19.734.460**	**0**
526	Varahlutir og viðhaldsvörur	**5.815.314**	**0**
527	Orkugjafar	**11.710.782**	**9.165.000**
528	Matvæli o.fl	**7.498.683**	**0**
529	Almennar rekstrarvörur	**2.488.521**	**0**
534	Rannsóknarstofuefni	**36.061.268**	**0**

539	Ýmsar sérgreindar vörur	**0**	**43.825.000**
541	Fundir, námskeið, risna	**23.425.931**	**7.660.000**
542	Ferðir, uppihald	**91.495.466**	**73.530.005**
543	Akstur	**9.429.394**	**10.455.000**
544	Sérfræðiþjónusta i	**34.928.018**	**47.775.000**
545	Sérfræðiþjónusta ii	**14.494.682**	**12.500.000**
546	Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	**1.066.422**	**0**
547	Auglýsingar og kynningarstarfsemi	**5.700.007**	**0**
549	Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	**4.411.091**	**42.475.000**
550	Samningsbundin kaup og leiga	**259.860**	**0**
551	Afnotagjöld	**11.528.041**	**15.175.000**
552	Leigugjöld	**16.882.284**	**13.970.000**
553	Notkun véla og flutningatækja	**3.958.544**	**0**
554	Verkkaup i	**18.431.967**	**0**
555	Verkkaup ii	**5.745.693**	**3.190.000**
556	Verkkaup iii	**3.033.309**	**0**
558	Kostnaðarhlutdeild	**108.475.030**	**0**
573	Tryggingar, lögboðnar	**2.981.049**	**2.100.000**
574	Opinber gjöld	**8.235.940**	**7.420.000**
578	Gengistap, endurmat	**1**	**0**
	Samtals	**450.293.126**	**344.480.005**

11 Tap af eignasölu

	Samtals	**0**	**0**

12 Afskriftir og niðurfærslur eigna

581	Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h	**15.502.728**	**86.297.206**
582	Lækninga- og rannsóknartæki	**74.211.186**	**0**
583	Farartæki og vélar	**4.169.178**	**0**
	Samtals	**93.883.092**	**86.297.206**

13 Fjármunatekjur

477	Ýmsar fjármunatekjur	**1.061.969**	**0**
	Samtals	**1.061.969**	**0**

14 Hagnaður (tap) eignahluta

	Samtals	**0**	**0**

15 Fjármagnsgjöld

571	Fjármagnskostnaður	**77.729**	**1.190.000**
578	Gengistap, endurmat	**725.930**	**0**
	Samtals	**803.659**	**1.190.000**

Efnahagsreikningur

		31.12.2018	01.01.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Óefnislegar eignir	16	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir	17		
Fasteignir		0	0
Tæki og búnaður		430.044.431	491.650.124
Samgöngumannvirki		0	0
		430.044.431	**491.650.124**
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Langtímakröfur	18	0	0
Eignarhlutar í öðrum félögum	19	316.777	316.777
		316.777	**316.777**
Fastafjármunir samtals		**430.361.208**	**491.966.901**
Veltufjármunir			
Birgðir	20	0	0
Viðskiptakröfur	21	58.442.282	52.040.113
Inneign hjá ríkissjóði	22	64.737.595	-7.901.392
Tengdir aðilar	23	109.268.167	101.474.808
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	24	276.452	4.189.603
Handbært fé	25	229.294.192	129.720.874
Veltufjármunir samtals		**462.018.688**	**279.524.006**
Eignir samtals		**892.379.896**	**771.490.907**
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	26		
Höfuðstóll		41.691.409	41.691.409
Annað eigið fé		0	0
Eigið fé samtals		**41.691.409**	**41.691.409**
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímalán og skuldbindingar	27	3.225.317	3.310.555
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	28	0	0
Skuld við ríkissjóð	22	0	0
Tengdir aðilar	29	6.753.182	30.819.347
Viðskiptaskuldir	30	61.226.996	140.094.234
Ýmsar skammtímaskuldir	31	71.499.289	63.925.238
Frestaðar tekjur	32	490.927.563	491.650.124
		630.407.030	**726.488.943**
Skuldir samtals		**633.632.347**	**729.799.498**
Eigið fé og skuldir samtals		**675.323.756**	**771.490.907**
Mismunur		**217.056.140**	**0**

Skýringar

16 Óefnislegar eignir

	31.12.2018	01.01.2018
.....	0	0
	0	0

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Hugbúnaður	Hugbúnaðarleyfi	Annað	Samtals
Bókfært verð 1.1	0	0	0	0
Viðbót á árinu	0	0	0	0
Selt og/eða niðurlagt á árinu	0	0	0	0
Afskriftir ársins	0	0	0	0
Bókfært verð 31.12	0	0	0	0

17 Varanlegir rekstrarfjármunir

		31.12.2018	01.01.2018
Áhöld, tæki og búnaður greinast þannig:			
181	Eignakerfi	41.426.238	41.426.238
182	Lækninga- og rannsóknartæki	325.505.461	325.505.461
183	Farartæki	53.720.175	53.720.175
		420.651.874	482.257.567
Aðrar eignir greinast þannig:			
	.....	0	0
180	Eignakerfi	9.392.557	9.392.557
	.....	0	0
		9.392.557	9.392.557

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifta greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.1	0	0	0	0
Viðbót á árinu	0	27.001.484	0	27.001.484
Selt og/eða niðurlagt á árinu	0	0	0	0
Afskriftir ársins	0	-88.607.177	0	-88.607.177
Bókfært verð 31.12	0	-61.605.693	0	-61.605.693

18 Langtímakröfur

	31.12.2018	01.01.2018
.....	0	0
	0	0

19 Eignarhlutar í öðrum félögum

		31.12.2018	01.01.2018
172	Eignarhlutar í fyrirtækjum og stofnunum	316.777	316.777
		316.777	316.777

Metnir eignahlutar í félögum greinast þannig:

	31.12.2018	01.01.2018
SagaMedica - Heilsujurtir ehf	90.158	90.158
Internet á Íslandi hf	226.619	226.619
	316.777	316.777

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkisins í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins við slit, heldur til annarra málefna, annars á kostnaðarverði.

20 Birgðir

		31.12.2018	01.01.2018
.....		0	0
		0	0

21 Viðskiptakröfur

		31.12.2018	01.01.2018
121	Viðskiptareikningar.....	58.442.282	52.040.113
		58.442.282	52.040.113

22 Greiðslustaða við ríkissjóð

		31.12.2018	01.01.2018
131	Viðskiptareikningar við ríkissjóð.....	64.737.595	-7.901.392
		64.737.595	-7.901.392

23 Tengdir aðilar

		31.12.2018	01.01.2018
121	Viðskiptareikningar.....	112.554.474	104.761.115
124	Afskriftasjóður, óbein afskrift skammtímakrafna.....	-3.286.307	-3.286.307
		109.268.167	101.474.808

24 Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur

		31.12.2018	01.01.2018
121	Viðskiptareikningar.....	53.303	2.532.605
127	Fyrirframgreiddur kostnaður.....	223.149	1.656.998
		276.452	4.189.603

25 Handbært fé

		31.12.2018	01.01.2018
112	Tékkareikningar.....	229.278.755	122.731.745
114	Sparisjóðsreikningar.....	15.437	6.989.129
		229.294.192	129.720.874

26 Eigið fé

		31.12.2018	01.01.2018
381	Höfuðstóll.....	41.691.409	41.691.409
		41.691.409	41.691.409

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifta greinast þannig:

	Höfuðstóll	Endurmat	Annað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.....	0	0	0	0
Afkoma ársins.....	0	0	0	0
Aðrar breytingar.....	0	0	0	0
Staða 31.12.....	0	0	0	0

27 Langtímalán

		31.12.2018	01.01.2018
261	Tekin löng lán, innlend.....	3.225.317	3.310.555
		3.225.317	3.310.555

28 Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir eru skammtímafjármögnun í viðskiptabönkum samstæðunnar.
Lánin eru með gjalddaga innan árs en framlengjanleg.

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:	31.12.2018	01.01.2018
.....	0	0

		0	0

29 Tengdir aðilar

		31.12.2018	01.01.2018
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.			
220	Skattar, viðskiptareikningar	-2.513.989	-1.264.805
221	Viðskiptareikningar	9.267.171	32.084.152
		6.753.182	30.819.347

30 Viðskiptaskuldir

		31.12.2018	01.01.2018
221	Viðskiptareikningar	-15.230	81.584.482
227	Ógreidd gjöld	61.242.226	58.509.752
		61.226.996	140.094.234

31 Ýmsar skammtímaskuldir

		31.12.2018	01.01.2018
227	Ógreidd gjöld	71.499.289	63.925.238
		71.499.289	63.925.238

32 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestinga.

		31.12.2018	01.01.2018
232	Fjárfestingarframlag - Staða	48.585.081	0
281	Fyrirframgreitt fjárfestingaframalag	434.799.082	491.650.124
282	Fyrirframgreiddur kostnaður og birgðir	7.543.400	0
		490.927.563	491.650.124